



Fundargerð 55. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn í Valaskjálfi, Egilsstöðum 3. júní 2021, kl. 10.00

Dagskrá fundarins var á vefnum, [þingskjal nr. 1](#).

Fyrir fund fór fram afhending á kjörbréfum til kjörbréfanefndar. Þingskjöl fundarins voru aðgengileg á vef Austurbrúar á meðan á fundinum stóð.

1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 55. aðalfund SSA. Einar Már bar upp tillögu um Björn Ingimarsson sem fundarstjóra og Óðinn Gunnar Óðinsson sem fundarritara og var tillagan samþykkt samhljóða.

Björn Ingimarsson tók því næst við stjórn fundarins.

2) Kynning á nefndum stjórnar

Einar Már Sigurðarson kynnti nefndir sem stjórn skipaði við undirbúning aðalfundar.

Í kjörbréfanefnd sátu Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður (Múlaping), Pálína Margeirsdóttir (Fjarðabyggð) og Jóhann F. Þórhallsson (Fljótsdal).

Í Fjárhagsnefnd sátu Eydís Ásbjörnsdóttir formaður (Fjarðabyggð), Sara Elísabet Svansdóttir (Vopnafjarðarhreppur) og Guðlaugur Sæbjörnsson (Múlaping).

Kynnt sem [þingskjal nr. 2](#)

3) Formaður kjörbréfanefndar kynnr niðurstöðu nefndarinnar

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréfin og kynnti fulltrúa sveitarfélaganna. Með Berglinni í kjörbréfanefnd voru Pálína Margeirsdóttir og Jóhann F. Þórhallsson.

4) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð Einari Má Sigurðarsyni að kynna skýrslu stjórnar. Einar Már fór yfir helstu atriði í skýrslu stjórnar. Í upphafi nefndi Einar að hann hyggðist ekki gefa kost á sér sem formaður SSA á næsta ári. Síðan vakti hann athygli á því að SSA væri óhrætt við að gera breytingar og sama ætti við um sveitarfélögin á Austurlandi sem væru fjögur í dag. SSA hélt tólf stjórnarfundum og þrjú framkvæmdaráðsfundi á starfsárinu. Töluvert var um greiningarvinnu á vegum Austurbrúar í samstarfi við SSA. Gerður hefur verið samningur við menntamálaráðuneytið um háskólaverkefni en í haust verður hægt að hefja nám á háskólagrunni á Austurlandi. Varðandi samgönguáætlun væri það verkefni sveitarfélaganna að gæta að því að halda verkefnum inni í áætluninni. Einar nefndi m.a. mikilvægi þess að útrýma einbreiðum brúm á svæðinu. Það að setja Egilsstaðaflugvöll undir Isavia hafi ekki gegnið nógu vel eftir og í því samhengi þyrfti að fylgja betur eftir jöfnum eldsneytiskostnaðar á flugvöllum. Komið var inn

á gerð svæðisskipulags sem væri eitt af stóru verkefnum SSA um þessar mundir. Þá kom Einar inn á alþingiskosningar í haust og að í stefndi að engin ofgnótt verði af frambjóðendum frá Austurlandi. Hann lagði áherslu á að rætt verði hvað hægt er að gera í stöðunni. Að lokum lagði Einar áherslu á samstöðu og mikilvægi þess að sveitarfélögin geti tekið stóru málin fram fyrir þau minni. Einar Már vísaði síðan í rafræna ársskýrslu á vefnum.

5) Kynning á ársreikningi 2020

Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG, kynnti ársreikning sambandsins og fór yfir helstu niðurstöður hans. Rekstrarafgangur ársins 2020 er tæpar 5,5 milljónir. Heildareign er um 281 milljónir, skuldir eru 228 milljónir og eigið fé er um 52 milljónir. Handbært fé í árslok er tæplega 245 milljónir. Magnús vísaði síðan í rafrænan ársreikning á vefnum.

6) Kynning endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2021 og fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2022 ásamt árgjöldum fyrir árið 2022

Jóna Árný Þórðardóttir kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun 2021 og áætlun fyrir árið 2022 ásamt árgjöldum fyrir árið 2022, [þingskjal nr. 3](#).

7) Formaður fjárhagsnefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar

Eydís Ásbjörnsdóttir formaður fjárhagsnefndar, kynnti niðurstöður nefndarvinnunnar, [þingskjal nr. 4](#).

Með Eydísi í nefndinni störfuðu þau Sara Elísabet Svansdóttir og Guðlaugur Sæbjörnsson. Nefndin hafði til skoðunar ársreikning SSA 2020, könnunaráritun endurskoðanda 2020, fjárhagsáætlun SSA 2021 og 2022, árgjöld sveitarfélaga fyrir 2022, ásamt ársreikningum Minningarsjóðs Ragnildar Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar og Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands.

8) Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar

Ársreikningur SSA 2020 borinn upp og samþykktur samhljóða.
Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021 borin upp og samþykkt samhljóða.
Fjárhagsáætlun 2022 borin upp og samþykkt samhljóða.
Tillaga að árgjöldum 2022 borin upp og samþykkt samhljóða.

9) Könnun ársreiknings

Jóna Árný Þórðardóttir fór yfir fyrirkomulag í tengslum við könnun ársreiknings og er til staðar samningur við KPMG.

10) Önnur mál

Jóna Árný kynnti hugmynd um að haustfundur SSA yrði haldinn í Færeyjum en margt áhugavert væri þar að skoða fyrir sveitarstjórnarfulltrúa á Austurlandi s.s. jarðgangagerð, millilandaflugvöll.

Fundi slitið kl. 11:00

Undirritunarsíða

Fundargerð aðalfundar SSA 2021
Óðinn Gunnar Óðinsson

Fundargerð aðalfundar SSA 2021
Björn Ingimarsson

Fundargerð aðalfundar SSA 2021
Einar Már Sigurðarson